

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um Fiskræktarsjóð (bætt lagaumgjörð).

Frá atvinnuvegaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

10. tölul. fellur brott.
15. tölul. orðast svo: *Fiskrækt*: Fiskrækt samkvæmt lögum um fiskrækt.
- Orðin „eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður“ í 17. tölul. falla brott.
- Við 61. tölul. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Til villtra fiskstofna samkvæmt lögum þessum teljast einnig stofnar sem hafa verið endurheimtir með ræktun vegna tíma-bundinna áfalla.
63. tölul. fellur brott.
- Eftirfarandi orðskýring bætist við greinina í viðeigandi stafrófsröð: *Hafbeitarstöð*: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.

2. gr.

Á eftir 4. gr. a laganna kemur ný grein, 4. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Nýtingaráætlanir.

Nýtingaráætlanir skulu miða við að nýting fiskstofna sé sjálfbær samkvæmt viðurkenndum líffræðilegum viðmiðum. Fiskistofa staðfestir nýtingaráætlanir.

Ráðherra skal setja reglugerð um líffræðileg viðmið skv. 1. mgr. og önnur atriði sem lúta að nýtingaráætlunum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

3. másl. 1. mgr. fellur brott.
- Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýtingaráætlanir skal birta á vef Fiskistofu.

4. gr.

Við 3. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýtingaráætlanir skal birta á vef Fiskistofu.

5. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýtingaráætlanir skal birta á vef Fiskistofu.

6. gr.

Við 3. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýtingaráætlanir skal birta á vef Fiskistofu.

7. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu, kveðið á um í reglugerð að tiltekna tegundir vatnafisks skuli veiða og aflífa þar sem þeirra verður vart í veiðivötnum. Veiðar slíkra vatnafiska eru undanþegnar ákvæðum III. og IV. kafla nema ráðherra ákveði annað í reglugerð. Ávallt skal þess þó gætt að veiða ekki fiska sem verndaðir eru samkvæmt lögum þessum og skal slíkum fiskum sleppt veiðist þeir við veiðar samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Í stað orðsins „hrognatöku“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: hrogn- eða sviljatöku.

9. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýtingaráætlanir skal birta á vef Fiskistofu.

10. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Fiskteljarar.

Hverjum þeim sem starfrækir búnað með fastri staðsetningu til að telja, mynda eða flokka fisk í ám er skylt að láta Fiskistofu í té gögn úr viðkomandi búnaði.

Að fengnu leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. getur Hafrannsóknastofnun í samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa látið setja upp búnað skv. 1. mgr. Ákvæði 34. og 35. gr. gilda um uppsetningu slíks búnaðar eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um afhendingu gagna sem og um kröfur sem gerðar eru til búnaðar skv. 1. mgr. og hvernig farið skuli með fisk og annað sem flokkað er með búnaðinum. Fiskistofa skal árlega birta niðurstöður úr upplýsingasöfnun samkvæmt þessari grein.

11. gr.

B-liður 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: að stunda fiskrækt á félagssvæðinu samkvæmt samþykktri fiskræktaráætlun.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 43. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. másl. kemur: sex.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fiskistofa skal birta úrskurði í málum samkvæmt þessari grein á vef sínum.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

14. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að stuðla að viðgangi og eflingu villtra fiskstofna í ferskvatni. Í því ljósi skal stunda fiskrækt með sjálfbærni, varúðarnálgun og þarfir vistkerfa í huga. Við fiskrækt skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum fiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

15. gr.

Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 2. málsli. 2. gr. laganna kemur: lagareldi.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 1. tölul. fellur brott.
- b. 2. tölul. fellur brott.
- c. 3. tölul. fellur brott.
- d. 4. tölul. fellur brott.
- e. 5. tölul. orðast svo: *Fiskrækt*: Flutningur á fiskum af hvaða þroskastigi sem er í veiðivatn eða innan veiðivatns til að fjölga fiskum þar. Til fiskræktar telst til að mynda flutningur fiska á ófiskgeng svæði, hrognagröftur, smáseiðasleppingar og gönguseiðasleppingar. Gerð fiskvega, endurbætur á veiðistöðum og aðgengi að þeim telst ekki til fiskræktar.
- f. 6. tölul. fellur brott.
- g. 8. tölul. orðast svo: *Fiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*), regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*) og áll (*Anguilla anguilla*).
- h. 9. tölul. fellur brott.
- i. 10. tölul. fellur brott.
- j. 12. tölul. fellur brott.
- k. 13. tölul. fellur brott.
- l. 14. tölul. fellur brott.
- m. 15. tölul. fellur brott.
- n. 16. tölul. fellur brott.
- o. 17. tölul. fellur brott.
- p. 22. tölul. fellur brott.
- q. 23. tölul. fellur brott.
- r. 24. tölul. fellur brott.
- s. Í stað orðanna „Á eða stöðuvatn“ í 25. tölul. kemur: Vatn.
- t. Við 26. tölul. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Til villtra fiskstofna samkvæmt lögum þessum teljast einnig stofnar sem hafa verið endurheimtir með ræktun vegna tímabundinna áfalla.
- u. 27. tölul. fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ferskvatnsfiskstofna“ í 2. másl. kemur: fiskstofna.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í fiskræktaráætlun skal leggja rökstutt mat á þörf fyrir inngríp með fiskrækt og hvernig ávinningur af henni verður metinn.

Við fiskrækt skal greina erfðauppruna foreldrafiska sem nota á í fiskrækt svo tryggt sé að um fiska úr viðkomandi veiðivatni sé að ræða og að þeir hafi ekki orðið fyrir erfðablöndun við eldisstofna.

18. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sækja skal um endurnýjun gildandi fiskræktaráætlunar með sex mánaða fyrirvara til Fiskistofu. Samþykkt fiskræktaráætlun skal halda gildi sínu þar til Fiskistofa hefur tekið afstöðu til endurnýjunar. Samþykki Fiskistofa endurnýjun skal ný fiskræktaráætlun taka gildi á þeim tíma þegar Fiskistofa samþykkir endurnýjun. Við ákvörðun um endurnýjun skal Fiskistofa fara eftir ákvæðum 1. mgr.

Veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, er skylt að veita Fiskistofu upplýsingar og gögn er lúta að framkvæmd fiskræktaráætlunar, þ.m.t. niðurstöður erfðagreininga sem gerðar eru á grundvelli hennar, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert vegna yfirstandandi árs. Fiskistofu er heimilt að veita viðbótarfrest til gagnaskila enda sé beiðni um slíkan frest rökstudd. Fiskræktaráætlun fellur sjálfkrafa úr gildi berist upplýsingar og gögn ekki tímanlega enda hafi Fiskistofa veitt viðkomandi aðila skriflega áminningu og hæfilegan frest til úrbóta.

Gögnum og umsóknum samkvæmt þessari grein skal skilað á samræmdu formi og með þeim hætti sem Fiskistofa ákveður. Birta skal samþykktar fiskræktaráætlanir opinberlega með rafrænum hætti, til að mynda á vef Fiskistofu.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „hrognatöku“ í 1., 2. og 3. másl. 1. mgr. kemur: hrogna- eða sviljatöku.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki þarf sérstakt leyfi til hrogna- eða sviljatöku ef hrogna- eða sviljataka er hluti af samþykktri fiskræktaráætlun enda sé sérstaklega fjallað um hrogna- eða sviljatöku í viðkomandi fiskræktaráætlun.

- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Hrogna- og sviljataka*.

20. gr.

9. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Bann við flutningi fisks milli veiðivatna.

Hvers konar flutningur á fiski úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í náttúrulegt veiðivatn er óheimill.

21. gr.

Í stað orðanna „hverjum sem er“ í 2. másl. 11. gr. laganna kemur: almenningi.

22. gr.

Á eftir orðinu „opinberlega“ í 4. másl. 12. gr. laganna kemur: á vef Fiskistofu.

23. gr.

Á eftir orðinu „hrognatöku“ í 4. másl. 13. gr. laganna kemur: hrogna- eða sviljatöku.

24. gr.

Á undan 15. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 15.–18. gr., ásamt fyrrsögnum, svohljóðandi, og breytast röð annarra greina samkvæmt því:

a. (15. gr.)

Stjórnvaldssektir.

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brýtur gegn einhverju eftirtalinna ákvæða laga þessara um:

1. Fiskrækt án þess að gerð sé fiskræktaráætlun skv. 5. gr.
2. Framkvæmd fiskræktaráætlunar án þess að samþykki Fiskistofu liggi fyrir skv. 6. gr.
3. Skil á upplýsingum og gögnum til Fiskistofu skv. 1. másl. 4. mgr. 6. gr.
4. Hrogna- og sviljatöku án leyfis Fiskistofu skv. 1. mgr. 7. gr. eða án þess að hrogna- eða sviljataka sé hluti fiskræktaráætlunar skv. 2. mgr. 7. gr.
5. Fiskrækt með öðrum stofnum en stofni úr viðkomandi veiðivatni skv. 8. gr. án undanþágu Fiskistofu, sbr. 10. gr.
6. Banni við flutningi fisks úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð skv. 9. gr. án undanþágu Fiskistofu, sbr. 10. gr.

Sektir samkvæmt grein þessari geta numið frá 10.000 kr. til 5.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til eðlis, umfangs og alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna hins brotlega. Þrátt fyrir 1. másl. er Fiskistofu heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti.

Unnt er að lækka sektir ef einstaklingur eða lögaðili hefur átt frumkvæði að því að láta Fiskistofu í té upplýsingar eða gögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg til að upplýsa brotið og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fiskistofa mælir fyrir um í reglum. Falla má frá sektargerð að öllu leyti ef að einstaklingur eða lögaðili verður tafarlaust við kröfu Fiskistofu um útbætur eða breytta háttsemi.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Ákvörðun Fiskistofu um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ákvörðun Fiskistofu er endanleg á stjórnvæðingastigi. Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og er málshöfðunarfræstur þrjú mánuðir frá því að tilkynnt var um ákvörðun. Málskot frestar aðför.

b. (16. gr.)

Sátt.

Hafi aðili brotið gegn ákvæðum laga þessara eða ákvörðunum Fiskistofu á grundvelli þeirra er Fiskistofu heimilt að ljúka málinu með sátt gangist hinn brotlegi aðili við broti og

óski eftir því að ljúka málinu með þeim hætti, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot. Slík sátt getur eftir atvikum falið í sér að hinn brotlegi greiði stjórnvaldssekt. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fiskistofu er heimilt að setja reglur um málsmeðferð við sættir.

c. (17. gr.)

Réttur einstaklings til að fella ekki á sig sök.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektar hefur maður sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fiskistofa skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

d. (18. gr.)

Dagsektir.

Fari rekstrarleyfishafi eða skráningarskyldur aðili ekki að fyrirmælum Fiskistofu samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið að viðkomandi greiði dagsektir þar til úr verður bætt. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt viðkomandi aðila.

Dagsektir mega nema allt að 100.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal m.a. taka tillit til þess hve aðkallandi úrbæturnar eru.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Fiskistofu um beitingu dagsekta til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að honum er tilkynnt ákvörðunin. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra berst.

Ákvarðanir Fiskistofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til ráðuneytisins frestar aðför.

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla verður: **Viðurlög, dagsektir, gildistaka o.fl.**

26. gr.

Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. þarf ekki að sækja um endurnýjun fiskræktaráætlunar með sex mánaða fyrirvara ef gildandi fiskræktaráætlun gildir til 30. júní 2027 eða skemur. Ef fiskræktaráætlun gildir til 30. júní 2027 eða skemur skal sækja um endurnýjun slíkrar áætlunar með hæfilegum fyrirvara, þó ekki skemmri en 30 daga fyrirvara.

III. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008.

27. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði ráðherra sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem stuðla að viðgangi og eflingu villtra fiskstofna, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Fiskrækt skal stunda með sjálfbærni, varúðarnálgun og þarfir vistkerfa í huga.

28. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Lán eða styrkir sem Fiskræktarsjóður veitir eru einungis veittir til fiskræktarverkefna samkvæmt lögum um fiskrækt eða annarra verkefna sem falla að markmiðum laga þessara, þ.m.t. framkvæmda skv. V. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Skilyrði fyrir veitingu lána eða styrkja til fiskræktarverkefna er að fyrir liggi fiskræktaráætlun sem Fiskistofa hefur samþykkt og sem samræmist viðkomandi umsókn til Fiskræktarsjóðs.

29. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fiskræktarsjóði er skylt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til fiskræktarverkefna, sbr. 5. gr. Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til annarra verkefna í ám og vötnum þygi þess þörf.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2026.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvegaráðuneytinu. Með því eru lagðar til breytingar á ákveðnum þáttum í lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um Fiskræktarsjóð. Þessir þættir lúta að verulegu leyti að fiskrækt en einnig eru skilgreiningar og hugtök einfölduð og samræmd eftir föngum.

Fiskrækt hefur verið stunduð af landeigendum, veiðiréttarhöfum og leigutökum um árabíl og hefur verið þáttur í starfsemi þessara aðila við nýtingu lax- og silungsveiðihlunninda á Íslandi. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar fram er birtist það meginmarkmið að fiskrækt í ám og vötnum verði stunduð með ábyrgum og sjálfbærum hætti, í samræmi við varúðarnálgun og með þarfir vistkerfa í huga. Með frumvarpinu gert ráð fyrir því að allar fiskræktaráætlanir verði birtar opinberlega og eftirlitsþátturinn styrktur frá því sem nú er. Þá er gert ráð fyrir því að innihald nýtingaráætlana og utanumhald með þeim verði bætt.

Fiskrækt er stunduð með flutningi á fiskum af hvaða þroskastigi sem er í veiðivatn eða innan veiðivatns til að fjölga fiskum þar. Starfsemi þar sem frjóvguð hrogn eru klakin út og alin í seiðaeldisstöð þar til þeim er sleppt mun falla undir lög um lagareldi. Í frumvarpi til laga um lagareldi, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er skerpt á framkvæmdinni og afhending seiða sett í samhengi við samþykktar og birtar fiskræktaráætlanir.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að skerpa á ákvæðum fiskræktar og bregðast við þeim áskorunum og ábendingum sem hafa komið fram á síðustu árum og skapa þannig betri skilyrði fyrir ábyrgri fiskrækt í íslenskum ám og vötnum. Einnig er ætlunin með frumvarpinu að koma betur til móts við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum eftir að aðild landsins að Alþjóðlegu laxaverndunarstofnuninni (NASCO) var endurnýjuð.

Eitt af meginatriðum í nýju frumvarpi til laga um lagareldi, líkt og áður í lögum um fiskeldi, eru ákvæði um áhættumat erfðablöndunar sem er ætlað að setja ramma utan um eldi á frjóum laxi í sjó með tilliti til hættu á erfðablöndun eldislaxa við villta nytjastofna.

Erfðablöndun er þó einnig áhættuþáttur í fiskrækt og ýmis atriði sem koma til skoðunar, svo sem uppruni, gæði og fjölbreytileiki erfðaefnis. Ef veiðiréttarhafar nota erfðaefni sem kemur úr fiskum sem eru blendingar af villtum stofnum og eldisstofnum þá er ljóst að slíkt kann að hafa áhrif til erfðablöndunar í villtum stofnum.

Þótt í frumvarpinu sé hvorki lagt til bann né verulegar takmarkanir á heimildir til fiskræktar umfram það sem kemur fram í núgildandi lögum, þá er ljóst að efni þess herðir á ýmsum skilyrðum varðandi fiskrækt auk þess að gera brot á lögum um fiskrækt refsiverð.

Hnúðlax er vaxandi ógn við villta stofna lax og silungs á Íslandi. Til skamms tíma hefur verið í gildi bráðabirgðaákvæði við lög um lax- og silungsveiði sem gerir yfirvöldum, veiðiréttarhöfum og leigutökum mögulegt að stemma stigu við útbreiðslu hans eins og nokkur kostur er. Með þessu frumvarpi eru sett varanlegri ákvæði hvað þetta varðar, enda hefur reynslan ekki gefið ástæðu til annars en að ætla að útbreiðsla og ágengni hnúðlax geti verið til vandræða á Íslandi eins og annars staðar.

Auk þess eru gerðar ýmsar breytingar á viðkomandi lögum og má þar helst vísa til tillögu að breytingu á lögum um lax- og silungsveiði sem varðar fiskteljara en þeirri breytingu er m.a. ætlað að styðja við ákvæði frumvarps til laga um lagareldi sem lagt er fram á sama tíma og frumvarp þetta.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fram kemur í 1. kafla er tilefni þessarar lagasetningar fyrst og fremst almennt mat á áhættu á erfðablöndun villtra laxastofna við Ísland. Frumvarp til nýrra laga um lagareldi fjallar um hættu erfðablöndun af eldi frjós lax í sjókvíum. Frumvarpi þessu er m.a. ætlað að skerpa á skilyrðum fyrir fiskrækt sem hefur í för með sér áhættu á erfðablöndun vegna seiða-sleppinga veiðifélaga og annarra í veiðivötnum.

Við undirbúning frumvarpsins var lagt mat á nauðsyn lagasetningar og aðra valkosti, þar á meðal þann kost að aðhafast ekki. Niðurstaða þess mats var að óbreytt ástand og skortur á skýrari lagaheimildum gæti leitt til ófullnægjandi eftirlits með fiskrækt með tilheyrandi óafturkræfum áhrifum á vistkerfi ferskvatns og villta laxastofna. Var því ekki talið forsvaranlegt að bregðast ekki við með lagasetningu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins er lýst í 1. kafla.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega skoðað hvort efni þess samræmdist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins.

Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á lögvarin eignarréttindi veiðiréttarhafa skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, umfram þær almennu takmarkanir sem stjórnarskrá heimilar og aðilar verða að þola bótafast.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar. Að því að frumvarpið snertir villta fiskistofna sem lúta vernd samkvæmt alþjóðsamningum sem Ísland er aðili að, þá má segja að aukin skilyrði fyrir fiskrækt og betra eftirlit í veiðiám með fiskteljurum sé til þess fallið að auka vernd viðkomandi stofna fyrir erfðablöndun.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu ásamt frummati á áhrifum voru birt 1. desember 2025 í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-236/2025) og var veittur frestur til að skila inn umsögn til 15. desember 2025. Alls bárust tvær umsagnir við áformin.

Frumvarp þetta er unnið samhliða vinnu við frumvarp til laga um lagareldi og er að sumu leyti sprottið úr þeirri vinnu, einkum vegna áherslna frumvarps til laga um lagareldi hvað varðar vernd villtra nytjastofna lax gegn erfðablöndun við eldislaxa. Þannig hafa atriði þessa

frumvarps, samhliða samtali vegna frumvarps til laga um lagareldi, verið rædd á fundum með hagsmunaaðilum eins og Landssambandi veiðifélaga og Verndarsjóði villtra laxastofna og eins við stofnanir atvinnuvegaráðuneytisins. Sömu aðilar hafa einnig sent skriflegar athugasemdir og ábendingar.

Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 22. desember 2025 og veittur var frestur til að skila inn umsögn til 26. janúar 2026 (mál nr. S-253/2025). Sé litið fram hjá þeim umsögnum er vörðuðu frumvarp um lagareldi og var fyrir mistök skilað inn um frumvarp þetta, þá bárust alls 10 umsagnir.

Að loknu mati á framangreindum umsögnum og yfirferð á þeim sjónarmiðum sem þar komu fram voru gerðar ýmsar breytingar á frumvarpinu. Eftirfarandi eru helstu breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu:

- Við 1. og 16. gr. var bætt orðalagi við skilgreiningu á „villtum fiskstofni“ sem ætlað er að tryggja að stofn teljist villtur fiskstofn þótt gripið hafi verið til ræktunarstarfs vegna tímabundinna áfalla.
- Orðalag 17. gr. um fiskræktaráætlanir hefur verið einfaldað.
- Ákvæðum 18. gr. hefur verið breytt til þess að kveða nánar á um gildistíma fiskræktaráætlana og gagnaskil vegna þeirra.
- Við 24. gr. hefur verið bætt nýju ákvæði sem bætir dagsektahæimild við lög um fiskrækt.
- Í 26. gr. er kveðið á um nýtt bráðabirgðaákvæði við lög um fiskrækt sem ætlað er að veita lengri aðlögunartíma vegna endurnýjunar fiskræktaráætlana sem eiga skammt eftir af gildistíma sínum við gildistöku þessa frumvarps.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á veiðifélög, veiðiréttarhafa, einstaklinga og lögaðila sem stunda fiskrækt og veiði sem fjallað er um í frumvarpinu. Verði frumvarpið að lögum mun það leggja auknar skyldur á herðar þessara aðila svo sem með gerð ítarlegri fiskræktaráætlana en gildandi lög gera ráð fyrir og með skyldu um að veita Fiskistofu upplýsingar er lúta að framkvæmd fiskræktaráætlunar eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á sveitarfélög.

Með breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu birtist það meginmarkmið að fiskrækt í ám og vötnum verði sinnt með ábyrgum og sjálfbærum hætti, í samræmi við varúðarnálgun og með þarfir vistkerfa í huga. Einnig er frumvarpinu ætlað að koma betur til móts við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum eftir að aðild að Alþjóðlegu laxaverndunarstofnuninni (NASCO) var endurnýjuð. Með vísan til þessa er ávinningur af samþykkt frumvarpsins meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess á hagaðila.

Samþykkt frumvarpsins hefði jafnframt áhrif á störf Fiskistofu en eftirlit með mörgum af meginþáttum frumvarpsins fellur undir verkefnasvið stofnunarinnar. Ekki er þó talið að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir Fiskistofu, þar sem þau verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt frumvarpinu lúta einkum að því að skýra framkvæmd þeirra verkefna sem stofnuninni eru þegar falin samkvæmt gildandi lögum. Ekki er því gert ráð fyrir að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum muni það hafa áhrif á útgjaldaramma málaflokksins. Tekjur ríkissjóðs gætu þó aukist óverulega verði frumvarpið óbreytt að lögum þar sem lagt til að lögfest verði heimild til álagningar stjórnvaldssekta sem geta numið frá 10.000 kr. til 5.000.0000 kr.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði sem lúta að breytingum á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Er um að ræða breytingar til einföldunar á skilgreiningum, ákvæði um birtingu nýtingaráætlana, ákvæði um aflífun tiltekinna tegunda fiska sem kunna að veiðast, ákvæði um fiskteljara o.fl.

Um 1. gr.

Greinin snýr að orðskýringum í lögum um lax- og silungsveiði. Er lagt til að nokkrar skilgreiningar falli brott til einföldunar laganna og til að fyrirbyggja misskilning. Þá er lagt til að skilgreining á fiskrækt vísi til laga um fiskrækt, sbr. 17. gr. frumvarps þessa. Enn fremur er lagt til að skilgreining orðsins fiskur taki ekki til fisktegunda sem kunna að verða ræktaðar heldur eingöngu þeirra tegunda sem taldar eru upp. Verður að telja nær óhugsandi miðað við núverandi tíðaranda og sjónarmið í umhverfismálum að ræktaðar verði nýjar fisktegundir og þeim sleppt í villta náttúru.

Um 2. gr.

Ákvæðið fjallar um nýtingaráætlanir en markmið þeirra er að veiðar séu sjálfbærar og í samræmi við viðurkennd líffræðileg viðmið. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem líffræðileg viðmið og annað sem eðlilegt er að setja fram í nýtingaráætlun verði skilgreint.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 17. gr. laga um lax- og silungsveiði. Sú fyrri er viðameiri og snýr að afnámi heimildar til lengja veiðitímabil í veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt. Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun er talin hætta á að langt veiðitímabil kunni að hafa meiri áhrif á hrygningu en eðlilegt er. Brottfall þessa málsliðar hefur ekki áhrif á 120 daga veiðitímabil í veiðivötnum þar sem náttúruleg hrygning viðheldur hvort eð er ekki laxastofni viðkomandi veiðivatns, sbr. 2. másl. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Síðari breytingin lýtur að birtingu nýtingaráætlana en slíkri birtingu er ætlað að auka gagnsæi þegar kemur að nýtingu villtra stofna.

Um 4. gr.

Lagt er til að nýtingaráætlanir verði birtar opinberlega. Slíkri birtingu er ætlað að auka gagnsæi þegar kemur að nýtingu villtra stofna.

Um 5. gr.

Lagt er til að nýtingaráætlanir verði birtar opinberlega. Slíkri birtingu er ætlað að auka gagnsæi þegar kemur að nýtingu villtra stofna.

Um 6. gr.

Lagt er til að nýtingaráætlanir verði birtar opinberlega. Slíkri birtingu er ætlað að auka gagnsæi þegar kemur að nýtingu villtra stofna.

Um 7. gr.

Í nýrri málsgrein sem bætist við 25. gr. laga um lax- og silungsveiði er lagt til að heimilt verði að kveða á um í reglugerð að veiða skuli og aflífa tilteknar fisktegundir. Í framkvæmd er þessari breytingu fyrst og fremst beint gegn hnúðlaxi (*Oncorhynchus gorboscha*) sem er

ágeng og framandi tegund í íslenskri náttúru. Í reglugerðinni má ákveða að ýmsar reglur laganna um veiðistjórn og veiðiaðferðir gildi um veiðar á þeim tegundum sem falla undir ákvæðið, ekki síst ef slíkt er nauðsynlegt til að vernda aðrar villtar tegundir fyrir veiði. Þá er í ákvæðinu tekinn af vafi um að ekki skuli veiða eða aflífa þær tegundir fiska sem verndaðar eru með lögunum heldur skuli þeim sleppt.

Um 8. gr.

Breytingunni er ætlað að leggja sviljatöku að jöfnu við hrognatöku enda þykir rétt að reglur um veiðar á fiski til söfnunar á erfða- eða ræktunarefni séu þær sömu hvort sem um hrogn eða svil er að ræða.

Um 9. gr.

Lagt er til að nýtingaráætlanir verði birtar opinberlega. Slíkri birtingu er ætlað að auka gagnsæi þegar kemur að nýtingu villtra stofna.

Um 10. gr.

Lagt er til að við lög um lax- og silungsveiði bætist ný grein, 35. gr. a. Í greininni er kveðið á um að hverjum þeim sem starfrækir búnað með fastri staðsetningu til talningar, myndunar eða flokkunar fisks í ám sé skylt að láta Fiskistofu í té gögn úr þeim búnaði. Upplýsingar úr slíkum búnaði geta skipt miklu máli fyrir umræddar stofnanir til að þær geti sinnt störfum sínum. Má í þeim efnunum t.d. nefna ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar vegna áhættumats erfðablöndunar. Í 2. mgr. er kveðið á um að Hafrannsóknastofnun, að fengnu leyfi Fiskistofu og í samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa, geti látið setja upp búnað til að telja, mynda eða flokka fisk skv. 1. mgr.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á orðalagi varðandi hlutverk veiðifélaga í fiskrækt. Breytingunni er ætlað að taka af vafa um að það sé ekki skylda eða höfuðmarkmið veiðifélaga að stunda fiskrækt. Fiskrækt er eftir sem áður meðal lögmætra verkefna veiðifélags en stundun fiskræktar er valkvæð af hálfu veiðifélags og háð skilyrðum, sbr. lög um fiskrækt.

Um 12. gr.

Lagðar er til tvær breytingar á 2. mgr. 43. gr. laga um lax- og silungsveiði. Annars vegar lenging á þeim tíma sem Fiskistofa hefur til þess að afgreiða mál úr tveimur mánuðum í sex og hins vegar skyldu til birtingar úrskurða. Að fenginni reynslu Fiskistofu er sýnt að tveggja mánaða úrlausnarfrestur er of knappur.

Um 13. gr.

Lagt er til að ákvæði IV til bráðabirgða við lögin falli brott enda er gert ráð fyrir að með nýrri 2. mgr. 25. gr. verði skotið skýrri reglugerðarstoð undir veiðar á ágengum og framandi tegundum.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um breytingar á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

Um 14. gr.

Ákvæðið byggist á gildandi 1. gr. laga um fiskrækt en orðalaginu er breytt til þess að leggja áherslu á að fiskrækt er ekki markmið í sjálfu sér heldur að fiskrækt hafi viðgang og eflingu

villtra fiskistofna að leiðarljósi. Þá er einnig bætt við ákvæði til að leggja áherslu á að fiskrækt skuli stunda með sjálfbærni og þarfir viðkomandi vistkerfis að leiðarljósi.

Um 15. gr.

Breytingunni er ætlað að uppfæra tilvísun til laga, sbr. frumvarp til laga um lagareldi sem lagt er fram á sama tíma og frumvarp þetta.

Um 16. gr.

Greinin snýr að orðskýringum í lögum um fiskrækt. Er lagt til að nokkrar skilgreiningar falli brott til einföldunar laganna og til að fyrirbyggja misskilning. Þá er lagt til að skilgreining á fiskrækt verði breytt þannig að fiskrækt vísi einungis til líffræðilegra þátta en ekki til atriða eins og lagningar vega eða gerðar fiskvega. Enn fremur er lagt til að skilgreining orðsins fiskur komi í stað skilgreiningarinnar vatnafiskur og að orðið fiskur taki ekki til fisktegunda sem kunna að verða ræktaðar heldur eingöngu þeirra tegunda sem taldar eru upp. Verður að telja nær óhugsandi miðað við núverandi tíðaranda og sjónarmið í umhverfismálum að ræktaðar verði nýjar fisktegundir og þeim sleppt í villta náttúru.

Um 17. gr.

Greinin er ætlað að breyta 5. gr. laga um fiskrækt um fiskræktaráætlanir. Breytingin snýr að því að tilgreina betur þau atriði sem fiskræktaráætlanir eiga að fjalla um og að ávinningur af fiskrækt verði skilgreindur með skýrum hætti. Þá er áréttað sérstaklega að upplýsingar verði að liggja fyrir um erfðaefni þeirra seiða sem nota á fiskrækt til þess að koma í veg fyrir erfðablöndun við aðra stofna og eldisfisk.

Um 18. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að þrjár nýjar málsgreinar bætist við 6. gr. laga um fiskrækt og yrðu 2.–4. mgr. þeirrar greinar ef frumvarp þetta verður að lögum. Eiga þær það sammerkt að vera ætlað að efla gæði fiskræktaráætlana og upplýsingaskila tengdum þeim.

Í nýrri 2. mgr. 6. gr. er fjallað um endurnýjun fiskræktaráætlana og gildistöku nýrrar fiskræktaráætlunar ef endurnýjun er samþykkt. Í nýrri 3. mgr. 6. gr. er áréttað að veiðifélagi sé skylt að veita Fiskistofu upplýsingar og gögn varðandi fiskræktaráætlun en afleiðing þess að gögn eru ekki veitt getur verið sú að fiskræktaráætlun falli úr gildi og, eftir atvikum, haft í för með sér viðurlagaákvæðanir ef fiskrækt er í framhaldi stunduð án gildrar fiskræktaráætlunar. Í nýrri 4. mgr. 6. gr. er fjallað um samræmingu á formi fiskræktaráætlana og hlutverk Fiskistofu í því samhengi.

Um 19. gr.

Lagt er til að gera breytingar á 7. gr. laga um fiskrækt sem lýtur að hrognatöku. Breytingin lýtur einkum að því að leggja hrognatöku annars vegar og sviljatöku hins vegar að jöfnu. Þá er ákvæðinu einnig ætla að taka vafa um að ekki þurfi sérstakt leyfi til hrogn- eða sviljatöku ef slíkt er hluti af samþykktri fiskræktaráætlun.

Um 20. gr.

Lagt er til að gera breytingu á 9. gr. laga um fiskrækt sem lýtur að flutningi fisks úr veiðivatni til veiði í öðru vatni. Breytingunni er annars vegar ætlað víkka gildissvið ákvæðisins þannig að það taki ekki bara til laxfiska, þótt það sé að öllum líkindum eini raunhæfi flutningur

fiska milli veiðivatna hér á landi. Hins vegar er breytingunni ætla að víkka gildissvið ákvæðisins þannig að það taki ekki bara til flutnings vegna stangveiði heldur allrar veiði.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 11. gr. laga um fiskrækt. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, einungis breytt orðalag.

Um 22. gr.

Lögð er til breyting á 12. gr. laga um fiskrækt. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur er einungis ætlað að taka af vafa um hvar skal birta ákvörðun Fiskistofu.

Um 23. gr.

Lögð er til breyting á 13. gr. laga um fiskrækt sem ætlað er að samræma reglugerðarheimild 13. gr. laganna við 7. gr. laganna eins og henni yrði breytt með frumvarpinu, þ.e. að ráðherra geti sett nánari reglur um bæði hrogna- og sviljatöku.

Um 24. gr.

Með 24. gr. er fjórum nýjum greinum bætt við lög um fiskrækt. Um er að ræða refsí- og þvingunarúrræði sem ætlað er að veita Fiskistofu nauðsynleg verkfæri til þess að fylgja eftir ákvæðum laga um fiskrækt. Ekki er hægt að segja að neitt einstakt tilfelli brota gegn lögnum sé kveikja að þessari breytingu heldur er breytingin frekar tilkomin vegna hertra reglna um fiskrækt sem og vegna breytts viðhorfs til fiskræktar, þ.e. að fiskrækt sé ekki einungis jákvæð heldur geti, sé ranglega að henni staðið, haft neikvæð áhrif á villta stofna. Ákvæðin eru um margt sett fram með sama hætti og sambærileg ákvæði í frumvarpi til laga um lagareldi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Í a-lið er að finna nýja 15. gr. sem er hefðbundið sektarákvæði vegna brota á tilteknum ákvæðum laga um fiskrækt.

Í b-lið er að finna nýja 16. gr. þar sem lagt er til að Fiskistofu sé heimilt að ljúka máli með sátt í þeim tilvikum þegar sá brotlegi gengst við broti eða óskar eftir að ljúka máli með sátt. Er lagt til að Fiskistofa fái slíka heimild til að greiða fyrir úrlausn mála og spara málsaðilum og stofnuninni tíma með því að ljúka máli með sátt í stað einhliða ákvörðunar Fiskistofu um beitingu viðurlaga. Heimildinni má þó aðeins beita ef ekki er um meiri háttar brot að ræða. Þá er mælt fyrir um að sátt sé bindandi en ef málsaðili brýtur gegn henni er Fiskistofu heimilt að fella sátt úr gildi og getur þá tekið málið til meðferðar á ný og þá eftir atvikum gert hinum brotlega stjórnvaldssekt eða aðra ráðstöfun samkvæmt frumvarpinu.

Í c-lið er að finna nýja 17. gr. sem tekur af vafa um það að einstaklingi sé ekki skylt að fella á sig sök í máli sem getur lokið með sektarákvörðun gegn viðkomandi. Að jafnaði ætti að túlka vafa um það hvort mál beinist að einstaklingi honum í hag þannig að viðkomandi geti neitað að svara spurningum sem gætu varðað sekt hans.

Í d-lið er að finna nýja 18. gr. sem veitir Fiskistofu heimild til álagningar dagsekta til þess að tryggja fylgni við ákvæði laganna.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Bætt er við nýju ákvæði til bráðabirgða við lög um fiskrækt. Markmið ákvæðisins er að veita lengri aðlögunartíma vegna endurnýjunar fiskræktaráætlana sem ættu skammt eftir af gildistíma sínum við gildistöku þessa frumvarps.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um breytingar á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008.

Um 27. gr.

Lagt er til að breyta 1. gr. laga um Fiskræktarsjóð. Með breyttu ákvæði er ætlunin að samræma ákvæðið nýrri skilgreiningu á orðinu fiskrækt og breyttu markmiðsákvæði laga um fiskrækt, sbr. II. kafla frumvarps þessa. Ekki er þó um efnisbreytingu að ræða þar sem Fiskræktarsjóður getur áfram stutt við ýmsar framkvæmdir sem lúta að því að efla veiði, svo sem fiskvegagerð o.s.frv.

Um 28. gr.

Greininni er ætlað að breyta 5. gr. laga um Fiskræktarsjóð og skýra markmið og heimildir til lánveitinga eða styrkveitinga. Tekið er fram að til þess að fiskrækt verði styrkt þurfi að liggja fyrir fiskræktaráætlun.

Um 29. gr.

Lagt er til að breyta 3. mgr. 8. gr. laga um Fiskræktarsjóð og gera það að skyldu að afla umsagnar Fiskistofu um lán og styrki til fiskræktar. Um aðrar framkvæmdir gildir sama og áður, þ.e. Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.